

## Fundargerð 27. Skautapings ÍSS 2026

<b>Þingforseti</b>	Valdimar Leó Friðriksson
<b>Fundarritari</b>	Rakel Hákonardóttir
<b>Staðsetning</b>	Egilshöll, Íssalur 3.hæð
<b>Dagsetning</b>	09.05.2026
<b>Fundartími</b>	12:09 - 15:16

<b>Mál nr.</b>	<b>Dagskrá: Umræða, ákvarðanir, niðurstaða</b>
<b>1</b>	<b>Þingsetning:</b> Svava Hróðný Jónsdóttir, formaður ÍSS, flytur ávarp, setti þingið og bauð gesti velkomna.
<b>2</b>	<b>Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar:</b> Stjórn ÍSS leggur til þriggja manna kjörbréfanefnd: <ul style="list-style-type: none"><li>- Inga Magga frá SA</li><li>- Lovísa Ösp frá Fjölni</li><li>- Anna Gígja frá SR</li><li>- Helga Olsen frá Ösp formaður</li></ul> Helga Olsen fór yfir vinnu kjörbréfanefnda Heildina eru 22 fulltrúar á þinginu Samþykkt með lófataki, og kjörbréfanefnd hefur störf.
<b>3</b>	<b>Kosning þingforseta:</b> Formaður lagði fram tillögu að þingforseta; Valdimar Leó Friðriksson, . Samþykkt með lófataki
<b>4</b>	<b>Kosning þingritara:</b> Þingforseti bar fram tillögu um þingritara; Rakel Hákonardóttir, ritara stjórnar ÍSS.  Samþykkt með lófataki.
<b>5</b>	<b>Skýrsla stjórnar lögð fram:</b> Svava Hróðný, formaður ÍSS. Stóð upp í púlt og fór yfir skýrsluna.  Þingforseti bauð að bera fram athugasemdir/spurningar Engar athugasemdir/spurningar
<b>6</b>	<b>Ársuppgjör sambandsins lagt fram:</b> Ingibjörg Pálsdóttir, gjaldkeri ÍSS, Stóð upp í púlt og gerði grein fyrir ársreikningum.  Gerir athugasemd við skýringu 1, það er erfitt að meta milli ára - skýring er breytt reikniregla hvenær gjöldin eru innheimt Syr hvort innheimta er að ganga illa á félög? - Svava svarar og er vegna eldri skulda. Staðan i dag er betri en í lok árs. - MF lét vita að eldri skuldir hafa innheimst mjög vel og félög eru að semja og hafa staðið við greiðslur. Skuldir fara yfir áramót það sem búið að rukka fyrir áramót en greiðslur

	<p>koma eftir áramót. Svava - kröfur eru gefnar út fyrir áramót en gjalddagi er eftir áramót. Eldri skuldir eru vissulega inni en það er verið að vinna í því.</p> <p>Laun og launatengd gjöld. Hvernig stendur á því að þau séu að lækka? Svava - einn starfsmaður er ekki að greiða sitt útsvar á Íslandi. Gjöldin virðast samt ekki stemma Hækkun launa er hærrí en gengur að gerast m.v. aðra samninga Starfsmaður fær greitt í fastri erlendri mynt Ætti Íslenskt samband ekki að greiða í íslenskri mynt - samkomulag við starfsmann</p> <p>Gjaldkeri hefur ekki svör við þar sem annar reikningar út laun.</p> <p>Þingforseti biður stjórn um að taka spurningar til greina og svara eftir þing Einnig bent á að önnur sambönd eru að greiða í erlendri mynt</p>
7	<p><b>Umræður og samþykkt reikninga:</b></p> <p>Ársreikningur borin upp til atkvæðagreiðslu, 20 samþykktir og 2 á móti</p>
8	<p><b>Ávarp gesta:</b> Kolbrún Sigurgeirsdóttir frá ÍSÍ Kom upp í púlt Finnst gaman að sjá hvað er mikil gróska í starfinu. Skilaði kveðju frá Willum Þór og starfsmönnum ÍSÍ Lét vita að það er verið að taka til í heimasíðu ÍSÍ og það gæti verið að ekki finnist öll gögn eins og er. ÍSÍ er í stefnumótunarvinnu og hefur verið að vinna með sambandinu Vitað að það er ekki jafnræði sem þarf að vinna í en það er margt sem er gott. Lýðheilsustarf er fullt af tækifærum og forvörnum Margt spennandi með afreksmiðstöðina en án grasrótar starfs verður ekkert afreksstarf Veltir fyrir sér hvort við séum að bjóða öllum börnum velkomin sama hvaðan þau koma Sjálfbóaliðar, veit að það er erfitt að fá fólk í starfið. Bendir á að hlúa að þeim og halda áfram að hvetja þau. Passa að bæði börnin og foreldri líði vel í félögunum og hafi góða upplifun af starfinu og iðkuninni.</p>
9	<p><b>Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram:</b> Ingibjörg Pálsdóttir gjaldkeri ÍSS Kom upp í púlt og fór yfir fjárhagsáætlun 2026</p> <p>Við erum með sömu tekjur í áætlun, er það raunhæft? Svava - fengum iðkendagjöld 2025 og gerum ráð fyrir að 2026 verði sá sami. 2024 var ekkert rukkað vegna breytinga. Iðkenda og aðildarfélög gjöld - Greiðum tvöfalt en teljumst einu sinni. MF - Ef við greiðum tvisvar eigum við að teljast tvisvar? - Stjórn þarf að finna út úr þessu, ÍSÍ er ekki að sýna þessu skilning/áhuga og hefur valdið þirring/reiði hjá sambandinu.</p>

	<p>Svava vill ekki svara því hér en við viljum að geta rukkað fyrir sitthvorn hlutinn ef þú ert í skautahlaupi og listskautum eða samhæfðum skautadansi.</p> <p>Mótagjöld, lítið félag og fáa keppendur og mótagjöld er um megn. Er nauðsynlegt að borga há gjöld þegar sambandið stendur vel Svava , við fáum ekki styrkir. Kostnaður fyrir að rekja mótin er dýrari en það sem við fáum inn af gjöldum. Þegar sambandið er svona vel stætt er þá ekki hægt að hafa mótagjöld lægri. MF - það er föst gjöld við mót, dómara og ístímar. Td gætu skautafélögin tala saman, hafa minni mót skipta þeim upp milli ÍSS og félaglínu.</p> <p>Það þarf að hlúa að minni félög til að geta tekið þátt á mótum. SA er í sömu aðstöðu og Öspin Svava skilur mismuninn en það er ekki hægt að hafa sér sér reglur fyrir minni félög.</p> <p>Kostnaðurinn er sá sami hvort sem félög eru að nota kalkinn eða ekki. Svava - eru að nota dómara og ísinn sem er sameiginlegur kostnaður og deilist á mótið MF - við það á að bjóða öllum á mótin þá hækkaði kostnaður við mót þar sem ístíminn er orðinn meiri.</p> <p>Væri hægt að lækka kostnað með því að hafa innlent starfsfólk í dómaraþing og eru öll félög að leggja áherslu að iðkendur/starfsmenn sækji sér dómaraþingi til að auka fjölda ísl. dómara</p> <p>Er ódýrara að skipta upp hópunum að klára línur en ekki skipta upp deginum MF - Íslandsmótið var dýrara út af sjónvarpið var að koma en já það gæti verið ódýrara að skipta því upp</p> <p>Ingibjörg - benti á að tölur í ársreikningi er ekki alls staðar réttar og það verði leiðrétti</p> <p>Þingforseti leggur til að vísa umræðu til stjórnar að skoða tillögur/athugasemdir</p>
10	<p><b>Kosning þingnefnda:</b> Ákveðið var að umræður fari fram í sal</p> <p><b>Lagabreytingatillögur: Þóra Gunnarsdóttir</b> Fór yfir breytingar á öllum greinum sem var gerð einhver breyting og gerði grein fyrir af hverju þeim var breytt. Svava tók niður og ritaði niður þar sem þurfti að laga málfar.</p> <p>Hvað var það sem við vildum ekki setja inn í sem fimleikasambandið væri með inni? - Þóra sagði að fimleika sambandið er með krónu tölu inn í sínum lögum en við ákváðum að þess þurfi ekki.</p> <p>Davíð - Einnig bent á að 23. gr. að halda inni setningunni sem ÍSÍ vildi taka út þar sem þetta er skýrara fyrir venjulegan leikmann. - Þóra umræðan verður tekin þegar lögin verða tekin til samþykktar.</p> <p><b>Hlé á þingi</b> Þingforseti heldur áfram með dagskrá kl. 13:59</p>

<p><b>11</b></p>	<p><b>Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þing ef þingmeirihluti leyfi:</b></p> <p>a. Kynning á afreksstefnu, Svava Hróðný Svava kom upp í pontu og fór yfir breytingu á afreksstefnu Hætt að tala um afrekshópa og er núna landslið Hlutverk afreksnefndar uppfært Skýrsluskil voru gerð skýrari Engin breyting gerð á markmiðum</p> <p>b. Erindi frá Halldóru, formanns Fjöltnis Halldóra kom upp í pontu. Fer ekki saman að vera launaða starfsmaður og vera í stjórn. Henni finnst þurfi að ræða og þæla hvort það þurfi að breyta í lögum. GB - spyr hvort það sé skilgreining á launuðum starfsmaður Þóra stóð upp og benti á að ekki er verið að tala um launaðann starfsmann í erindinu heldur bara starfsmann. Fór yfir hvernig þetta er í öðrum samböndum. Einnig í erindi komu ábendingar um vanhæfi. Bendir á að það eru 4 launaðir starfsmenn í stjórn. Tillaga - stingur upp á að stofnum millipinganefnd þar sem fulltrúar úr öllum félögum til að ræða málið betur og koma með tillögur Davíð - tók laganefnd á vanefnis klausunni í erindinu Helga - var ekki ISU að setja reglur um dómara og starfsmenn - Svava ISU er að banna dómurum sem dæma á alþjóðamótum að starfa í sérsamböndum Ásdís - Geri athugasemd við að starfsmaður er ekki sinn eigin yfirmaður Sara - fimleikasambandið er stórt samband og það er td. ekki að fara eftir alþjóðleg reglu um dómara megi ekki dæma börnin sín. Og ef farið er eftir öllum reglum þá væru engir til að vinna þessa vinnu Þóra - um vanhæfi þá er bæði klausa í lögum og í reglugerðum sambandsins sem tekur á vanhæfi Er Svava launaður starfsmaður sem formaður Svava: nei sem afreksstjóri Anna Kristín - stjórn ÍSS er vinnuveitandi en ekki formaður Þóra - þegar það hefur komið til að formaður forfallast þá er það varaformaður sem tekur stöðu formanns Þóra - dagskrágerðar tillaga að vísa þessu til millipinganefnd til umfjöllunar</p> <p>Þingforseti leggur til atkvæðagreiðslu að vísa þessu til millipinganefnd til umfjöllunar og afgreiðslu Samþykkt með öllum atkvæðum</p>
<p><b>12</b></p>	<p><b>Þingnefndir starfa beint frá pontu:</b></p>
<p><b>13</b></p>	<p><b>Nefndir gera grein fyrir störfum sínum</b> Valdimar Þingforseti var búinn að leggja til að nefndir starfi úr pontu</p> <p><b>Fjárlaganefnd: Ingibjörg Pálsdóttir</b></p>

	<p><b>Laganefnd: Þóra Gunnarsdóttir</b></p> <p><b>Allsherjarnefnd: Svava Hróðný</b></p>
15	<p><b>Umræður um tillögur nefnda og atkvæðagreiðslur um þær</b></p> <p><b>Allsherjarnefnd: Breytinga á afreksstefnu</b>  Þingforseti bauð umræðu á afreksstefnu  Enginn vill tjá sig</p> <p>Samþykkt samhljóða</p> <p><b>Laganefnd: Þingforseti spyr hvort það</b>  Gunnar kom með athugasemd við 16 gr. að ef það er 3 lágmarksfjöldi og það kemur fyrir að 1 sé vanhæfur  Tillaga að breyta síðustu málsgrein að bæta inn 5.mgr. og vísa í 13gr. laga  Tillaga um að breyta 15. gr. síðustu málsgreinar að bæta inn “skulu” í stað “geta”  Helga spyr um 7. gr. um eftirlitið ef aðili hefur brotið á sér  Svava svarar að það er kjörnefnd er eftirlitsaðili  Svava spyr Davíð hvort hann vilji breyta 23. gr. en hann hafði fengið frekari útskýring á henni og vildi það ekki</p> <p>Þingforseti leggur breyttar laga greinar til samþykktar:</p> <p>2.gr - samþykkt samhljóða  5.gr. - samþykkt samhljóða  6.gr. -Samþykkt samhljóða  7.gr. - Samþykkt samhljóða  9.gr. - Samþykkt samhljóða  11.gr. - Samþykkt samhljóða  12.gr. - samþykkt samhljóða  13.gr. - samþykkt samhljóða  14.gr. - Samþykkt samhljóða  15.gr. - Lagt til að samþykkja 15.gr. með tillögu um viðbóta breytingu  Samþykkt samhljóða  - Lagt til að samþykkja 15. gr. í heild sinni - Samþykkt samhljóða  16.gr. - Lagt til að samþykkja 16gr. með tillögu um viðbóta breytingu  Samþykkt samhljóða  - Lagt til að samþykkja 16gr. í heild sinni - samþykkt samhljóða  18. gr. - Samþykkt samhljóða  22. gr. - Samþykkt samhljóða  23. gr. - Samþykkt samhljóða  23. gr. verði 24. gr. formsatriði, ekki borið upp til samþykktar  24. gr. verði 26. gr. formsatriði, ekki borið upp til samþykktar  25. verði 26.gr. - samþykkt samhljóða</p> <p>Lögin borin upp í heild sinni  Samþykkt samhljóða</p> <p><b>Fjárlaganefnd: Fjárhagsáætlun</b>  Þingforseti bauð umræðu á fjárhagsáætlun</p>

	<p>Enginn vill tjá sig</p> <p>Samþykkt samhljóða</p>
16	<p><b>Kosning stjórnar ÍSS og varastjórnar (skv. 12.gr. laga)</b></p> <p>Kosið er um:</p> <p>a. Aðalstjórn kosin - 2 stjórnarmenn</p> <p><b>Tveir aðilar í aðalstjórn:</b> Þóra Sigríður Torfadóttir - sjálfkjörin Anna Kristín Jeppesen - sjálfkjörin</p> <p>Samþykkt með lófaklappi</p> <p>b. Varastjórn kosin - 1 varamaður</p> <p><b>Einn varamaður:</b> Aldís Lilja Sigurðardóttir sjálfkjörin</p> <p>Samþykkt með lófaklappi</p>
17	<p><b>Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga:</b></p> <p>Jóna Jónsdóttir og Heba Finnsdóttir</p> <p>Sjálfkjörnar því engar aðrar tillögur komu fram.</p> <p>Staðfest með lófataki</p>
18. Önnur mál	<p><b>Heiðranir</b></p> <p>Þóra Sigríður kom upp fyrir hönd mótanefndar og veitti viðurkenningu fyrir sjálfboðaliðastörf og þau fengu:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Ísabella Jóna frá Fjölni, Gunnar tók við viðurkenningu fyrir hennar hönd</li> <li>- Boðey Ragnarsdóttir frá SR Erwin Van Der Werve frá SA</li> <li>- Eva Hrud Willatzen frá Öspinni</li> </ul> <p>Svava Hróðný kom upp í pontu með heiðranir ÍSS</p> <p>Tveir aðilar fá silfur verðlaun og þau fengu:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>● Katla Rún Ísfeld</li> <li>● Guðrún Brynjólfssdóttir</li> </ul> <p>Þakkar ÍSS þeim kærlega fyrir störf þeirra fyrir hönd sambandsins og hlakkar til áframhaldandi samstarfs</p> <p>Við viljum afhenda þeim merki sem gátu ekki tekið á móti þeim þegar þau voru veitt á sínum tíma</p> <p>Ásdís Rós Clark - silfurmerki Sunnu Björk Mogesen - gullmerki Sólveig Dröfn Andrésdóttir - gullmerki Kristín Harðardóttir - Silfurmerki Sigurlaug Árnadóttir - Silfurmerki</p>

	<p>Póra Gunnarsdóttir kom upp fyrir hönd dætra sinna og vildi gefa sambandinu bækur sem þær hafa eignast í gegnum tíðina meðan þær æfðu og tengjast bækurnar skautaiþróttinni.</p> <p>Svava kom upp og tók við bókunum fyrir hönd sambandsins.</p> <p>Kristín Harðardóttir kom upp í pontu þakkar fyrir viðurkenningu. Hún minnst íþróttarinnar með hlýju og kynnist reynslu og mörgum aðilum í gegnum tíðan í íþróttaiðkun sinni.</p> <p>Hún skrifaði grein í morgunblaðið með yfirskriftinni “Bráðvantar þak yfir höfuðið” Hún fór yfir feril sinn og stofnun fyrst syncro liðið.</p> <p>Hún endar á að óskar öllum sem koma að íþróttinni velfarnaðar</p> <p>Svava kom upp fyrir hönd stjórnar til að þakka Maríu Fortescue kærlega fyrir störf hennar sem framkvæmdastjóri</p>
<p><b>19.</b></p>	<p><b>Þingslit</b></p> <p>Valdimar þingforseti þakkaði öllum fyrir komuna og bauð formanni að koma upp og slíta þingi</p> <p>Svava þakkaði kærlega fyrir umræðuna á þinginu og komuna og sleit formlega þinginu</p> <p>Þingslit kl:15:16</p>